



4. fundur aðalstjórnar Umf. Selfoss

haldinn í Tíbrá miðvikudaginn 4. nóvember 2015 kl. 18:15.

Mætt eru: Guðmundur Kr. Jónsson (GKJ) formaður, Sverrir Einarsson (SE), Viktor S. Pálsson (VSP), Þóra Þórarinsdóttir (ÞÞ), Helgi Sigurður Haraldsson (HSH), Þorsteinn Rúnar Ásgeirsson (ÞRÁ) varamaður Lúðvíks Magnúsar Ólasonar, Þórdís Rakel Hansen (ÞRH), Sigríður Runólfsdóttir (SR), Ófeigur Ágúst Leifsson (ÓÁL) og Gissur Jónsson (GJ) framkvæmdastjóri sem ritar fundargerð.

Forföll boðuðu: Hjalti Þorvarðarson, Jóhann Helgi Konráðsson, Óskar Sigurðsson og Axel Sigurðsson.

1. Fundargerð aðalstjórnar

- 3. fundargerð aðalstjórnar frá 7. október 2015 samþykkt.

2. Fundargerð framkvæmdastjórnar

- 6. fundargerð framkvæmdastjórnar frá 28. október 2015 til umræðu.
- GKJ hnykkti á því að deildir aðskilji rekstur meistaraflokka og akademía frá yngri flokkum í samræmi við handbók deilda.
HSH benti á mikilvægi þess að samræma bókhaldslykla milli deilda.
Stefna jafnframt á samráðsfund bókara með gjaldkerum deilda.

3. Fundargerð vallarstjórnar

- Fundargerð frá haustfundi vallarstjórnar til umræðu.

4. Afreks- og styrktarsjóður Umf. Selfoss og Árborgar

- Minnt er á að umsóknarfrestur í Afreks- og styrktarsjóð Umf. Selfoss og Árborgar rennur út 1. desember 2015.

5. Úthlutun úr sjóðum HSK og UMFÍ

- Framkvæmdastjóri kynnti úthlutun úr verkefnasjóðum HSK og UMFÍ. Aðalstjórn felur framkvæmdastjóra að koma á framfæri þakklæti fyrir styrkveitingar til handa Umf. Selfoss.

6. Selfossþorablót

- Ekki hefur borist svar frá Einari Björnssyni vegna erindis sem sent var vegna Selfossþorablóts. Ekki er hægt að ganga lengra í að fá skýr svör

og því liggur beinast við að Umf. Selfoss hætti afskiptum af Selfossþorralóti í þessari mynd.

7. Erindi frá félagsþjónustu

- Aðalstjórn samþykkir þátttöku félagsins í verkefninu til áramóta.
- Tryggja þarf börnum með sérþarfir sambærilegan stuðning í íþróttastarfi og þau njóta í skólastarfi.

Fundi slitið klukkan 19:06.

Næsti fundur aðalstjórnar miðvikudaginn 2. desember 2015 kl. 18:15-19:45 í Tíbrá.

Fundir aðalstjórnar starfsárið 2015-2016:

Miðvikudaginn 13. janúar 2016 kl. 18:15-19:45 í Tíbrá.

Miðvikudaginn 3. febrúar 2016 kl. 18:15-19:45 í Tíbrá.

Miðvikudaginn 2. mars 2016 kl. 18:15-19:45 í Tíbrá.

Miðvikudaginn 6. apríl 2016 kl. 18:15-19:45 í Tíbrá.